



2

0

2

0

# Flugmódelárid









## Forsíðumyndin

33% Sopwith Pup smíðuð af Guðjóni Ólafssyni fyrir 15 árum síðan. Smíðin gekk mjög vel og fá vandamál og þann 17. júní 2006 flaug hún sitt fyrsta flug. Módelið er eftirlíking af Sopwith Pup með skráningarnúmerið N6453 hjá Royal Naval Air Service. Flugmaðurinn var flugsveitarforinginn Edwin Harris Dunning. Þann 2. ágúst 1917 var hann fyrsti maðurinn til að lenda flugvél á skipi á ferð,

einmitt í þessari vél. Í júlí 2006 hélt módelið í viking til Bretlands og flaug Guðjón því þar á flugkomu Large Model Association í Cosford fyrir framan þúsundir áhorfenda. Þeir furðuðu sig reyndar mest á því að hann skyldi nenna að leggja í þessa ferð fyrir þrjú flug og hvað mótörinn var góður í gang. Upplýsingar um módelið.

Vænghaf: 274 sm, þyngd: 17 kg, lengd: 195 sm, hæð: 91 sm



ÚTGEFANDI  
Frettavefur.net

RITSTJÓRI  
Sverrir Gunnlaugsson

LJÓSMYNDIR  
Sverrir Gunnlaugsson  
nema annars sé getið



Hafðu samband

FRETTAVEFUR.NET  
Klukkuvöllum 10  
221 Hafnarfirði

NETFANG  
ritstjori@frettavefur.net

Fréttavefur.net © 2020  
Allur réttur áskilinn.  
Prentað í Evrópu.

ISSN 2298-8203

# RITSTJÓRARAUS



Fréttavefurinn birtist fyrst á internetinu árið 1999 og 2004 var svo opnað fyrir spjallborð flugmódelmanna.

Líttu endilega við á <https://frettavefur.net> og fylgstu með því helsta sem er að gerast í sportinu bæði hér heima og erlendis.



9 772298 820004

**P** á hefur sjötta tölublaðið af tímariti Fréttavefsins litið dagsins ljós. Sumarið í ár var ansi gott en óneitanlega litaðist það af Covid tímum og þá sérstaklega síðari hluti þess.

Þrátt fyrir það voru samkomur og mót nokkur talsins og verður gerð grein fyrir þeim á síðum blaðsins. Þar ber helst að nefna Kríumót, Flotflugkoma FMS, Stríðsfuglaflugkoma Einars Páls, Ekki flugkomuna á Melgerðismelum og Stórskalaflygkoma Einars Páls, Íslandsmótið í hástarti (F3B) og Íslandsmótið í hangi (F3F).

Dagana 1. til 3. maí stóð til að halda Iceland Open F3F en mótið var hluti af Evrópu- og heimsbikarmótaröðinni og höfðu um 27 keppendur af 9 þjóðernum skráð sig til leiks en Covid ástandið sló því á frest eins og svo mörgu öðru. Mótið hefur verið fært til og verður haldið 30. apríl til 2. maí 2021 og er fullt á mótið, 30 keppendur frá 9 þjóðum og 2 að auki á biðlista þegar þess orð eru fest á blað.

Þetta verður fyrsta alþjóðlega mótið sem við höldum á þessari öld en á næsta ári verður aldarfjórðungur liðinn frá síðasta alþjóðlega mótinu sem við héldum en það var Viking Race 1996, sem þá var óopinbert heimsmeistaramót í F3F þar sem greinin var ekki enn orðin samþykkt af alþjóða flugmálafélaginu. Hver veit nema við höldum heimsmeistaramótið á ný einhvern daginn.

Vefur mótsins: <https://f3f.is/iceland-open/>.

Hægt er að nálgast tímaritið sem rafrænt niðurhal á vefnum og eru flugmódelmenn hvattir til að dreifa tenglinum áfram til vina og vandamanna ásamt hverjum þeim sem kynni að hafa áhuga og gaman af að fræðast aðeins um áhugamálið okkar!

Slóðin er: <https://frettavefur.net/timarit/>

SVERRIR GUNNLAUGSSON  
Ritstjóri

# FLOTFLUGKOMA FMS

Ágætis veður var á flotflugkomu Flugmóðelfélags Suðurnesja, dálítið napurt en ekkert sem góður skjólfatnaður klæddi ekki af mönnum. Finasta mæting var en 5 flotvélar mættu til leiks og af þeim fóru 4 í loftið en þó ekki nema helmingurinn á vatninu. Formaðurinn bauð svo upp á COVID-19 veitingar sem hurfu eins og döggr fyrir sólu.







# KRÍUMÓTIÐ

Bleyta og nokkuð frískleg rigning tók á móti stórum hópi flugmódelmanna sem voru mættir upp á Sandskeiði um tíuleytið. Því var ákveðið að byrja daginn á Litlu Kaffistofunni en þar var ýmislegt góðgæti á boðstólum eins og fyrri daginn.

Nokkuð stífur SSV vindur, alveg upp í 9 m/s en oftast nær 6 m/s var á svæðinu en það kom ekki að sök þar sem við gátum nánast verið beint upp í vindinn með því að vera þversum á V/A brautinni. Þar sem vindátt var nokkuð stöðug þurfti ekki að flakka með spilið fram og til baka sem flýtti talsvert fyrir keppnishaldinu.

Sjö flugmenn voru skráðir til leiks og heyrst hafði að þrír aðrir væru klárir á kantinum svo vonandi verða fleiri með á næsta móti.

Fyrst voru flognir þrjár tímaflugsumferðir og svo var tekið matarhlé en að því loknu voru þrjár hraðaflugsumferðir flognar. Mótið var æsispennandi og menn kepptust við að bæta sig hægri vinstri og var ekkert gefið eftir.

Úrslit má sjá hér að neðan en óhætt er að segja að þetta hafi verið hnífjöfn og spennandi keppni en 80 stig af 4000 mögulegum skildu á milli fyrsta og þriðja sætis. Þrjár umferðir voru flognar og giltu tvær bestu til heildarstiga hvers keppanda.

Sérlegu aðstoðarmennirnir Árni, Böðvar, Hannes og Stefán fá kærar þakkir fyrir aðstoðina en þeir stóðu sig allir einstaklega vel. Svifflugfélagið fær líka kærar þakkir fyrir lánið á aðstöðunni, það er ómetanlegt að eiga þá að á þessum mótum.

Sæti	Keppandi	Stig
1.	Sverrir Gunnlaugsson	3.749
2.	Rafn Thorarensen	3.674
3.	Guðjón Halldórsson	3.669
4.	Jón V. Pétursson	3.185
5.	Frímánn Frímánnsson	2.496
6.	Erlingur Erlingsson	2.073
7.	Lúðvík Sigurðsson	436





# SMÁSKALAMÓTIÐ

Myndir: Guðjón Halldórsson



Mynd: Sverrir Gunnlaugsson



guha 2020





# STRÍÐSFUGLAFLUGKOMA EPE

Hin árlega Stríðsfuglaflugkoma Einars Páls var á sínum stað á Tungubakkaflugvelli. Oft hafa fleiri flugmódel verið á staðnum en það kom ekki að sök þar sem viðstaddir flugu mun meira á þeim gripum sem voru á svæðið.

Veðrið var mjög fínt og nánast logn fram að hádegi en þá snéri Kári sér og tók að blása, nokkuð hraustlega um tíma úr norðri og var þannig það sem eftir lifði dags.

Guðjón kom í heimsókn að norðan með Sopwith Pup og skemmtu þau sér konunglega við flug, þ.á.m. samflug með Steina og Jóni. Stukan hans Gústa tók upp á því að losa sig við spaðann á ferð en Gústi stýrði henni örugglega niður á jörðina og stoppaði við tærnar á sér. Ágætis áminning um að herða upp á viðarspöðum, sérstaklega ef þeir hafa staðið inni við í lengri tíma, en þá vill viðurinn þorna og skreppa saman með þeim afleiðingum að skrúfurnar verða lausar.





# MEISTARAMÓTARÖÐIN Í F3F

Áfram var haldið með regluleg mót í hangi á árinu, þrjú mót voru haldin en eitt þurfti að fella niður þar sem ekki mættu nema þrír keppendur og engir aðstoðarmenn voru tiltækir. Sjö keppendur tóku þátt í öllum mótunum en einungis tveir keppendur tóku þátt í öllum þremur mótunum.

Fyrsta mótið var haldið á nýjum stað í Þorlákshöfn, annað í Draugahlíðum norður og þriðja í Kömbunum. Á þessum þremur mótum náðist að fljúga 21 umferð og 105 flug.

Þeim sem stóðu að þessu langar að þakka keppendum og sérstaklega aðstoðarmönnum fyrir samveruna á árinu og vonandi koma sem flestir og taka þátt í mótunum á næsta ári! Það er alls engin þörf á að mæta með rándýra keppnisgræju til að prófa, endilega komið bara með næstu svifflogu og takið þátt!

Hér á opnunni má sjá svipmyndir frá mótunum.



Keppendur og aðstoðarmenn á fyrsta móti ársins



## Úrslit meistaramótaraðarinnar 2020

Sæti	Keppandi	Stig
1.	Sverrir Gunnlaugsson	2.970
2.	Erlingur Erlingsson	2.915
3.	Guðjón Halldórsson	1.762
4.	Böðvar Guðmundsson	1.750
5.	Jón V. Pétursson	1.500
6.	Lúðvík Sigurðsson	1.344
7.	Rafn Thorarensen	482







Fríður hópur keppenda á öðru móti ársins




Mynd: Erlingur Erlingsson



# EKKI FLUGKOMA FMFA

Sökum COVID ástandsins var ekki haldin flugkoma á Melgerðismelum í ár. Hins vegar hittist þannig á að einhverjir flugmódelmenn áttu leið um Eyjafjörðin þessa sömu helgi. Við látum myndirnar tala sínu máli.









# STÓRSKALAFLUGKOMA EPE



Dagurinn byrjaði blautur og lágskýjaður þegar stórskalaflugkoma Einars Páls Einarssonar var haldin í 35. skiptið. Flugmódelmenn létu það þó ekki skemma daginn fyrir sér enda fór að birta til í kringum hádegið og þá var ekki eftir neinu að bíða og hófu menn sig óðara til flugs. Svo var flogið fram eftir degi á milli þess sem sögur voru sagðar og veitingar snæddar.





# ÍSLANDSMÓTIÐ Í HÁSTARTI F3B

Myndir: Erlingur Erlingsson

Var haldið 22. ágúst á Sandskeiði í þessari líka brakandi blíðu þar sem fjórir flugmenn og fjórir aðstoðarmenn mættu til leiks.

Eftir að hafa vegið og metið veðurhorfur þá var ákveðið að setja brautina upp á N/S brautinni þar veðurspáin benti til þess að vindur yrði það hægur að fullskala sviffugið myndi nota V/A brautina.

Gekk það eftir þó örlítill hliðarvindur hafi komið með hafgolunni upp úr hádeginu.

Dagurinn gekk að mestu áfallalaust fyrir sig en Jón tók sem betur fer með

sér tvær vélar þar sem bilun reyndist vera í annarri þeirra hjá honum og svo slitnaði spilvírinn í einu af síðasta starti dagsins en Hannes og Elli voru fljótir að redda honum saman aftur svo hægt væri að klára mótið.

Fjórar umferðir voru flognar og töldu þrjár þeirra til stiga þar sem lökustu umferðinni var sleppt.

Sérstakar þakkir fá Árni, Einar Páll, Erlingur og Hannes fyrir að aðstoða við keppnishaldið.

Sæti	Keppandi	Stig
1.	Sverrir Gunnlaugsson	5.793
2.	Guðjón Halldórsson	4.904
3.	Jón V. Pétursson	4.596
4.	Steinþór Agnarsson	2.020





# ÍSLANDSMÓTIÐ Í HANGI F3F

Var haldið 12. september í Kömbunum, keppendur voru mættir út í brekku kl. 8 en þá voru 6 m/s að norðan og upp fyrir 10 m/s í hviðunum. Það var svo um tíuleytið sem vindurinn var komin í ANA en var enn talsvert rokkandi, bæði í stefnu og styrk.

Þar sem einungis 6 keppendur voru mættir þá var ákveðið að fljúga 3 umferðir í einu og stefna á að klára 9 umferðir í heildina og voru þær

kláraðar um miðjan dag. Skemmst er frá því að segja að það gekk mjög vel og engin óhöpp urðu.

Hörð barátta var milli Erlings og Sverris og fyrsta sætið. Fóru leikar svo að Erlingur vann fimm umferðir, Sverrir þrjár og Böðvar eina en það segir ekki alla söguna því það eru stigin sem skipta máli en 1000 stig fást fyrir að vinna hverja umferð og næstu menn fá svo stig sem eru reiknuð hlutfallslega út frá því hve

langt frá tíma fyrsta manns þeir eru.

Að lokum langar svifflugsmótanefndina að þakka þeim fjölmörgu keppendum og aðstoðarmönnum sem lögðu plóg á hönd á árinu. Það er líka gaman að segja frá því að þetta er í fyrsta skipti í langan tíma sem tekst að halda Íslandsmót í hangi og hástarti á sama árinu og elstu menn áttu í vandræðum með að rifja upp hvenær það gerðist síðast.

Sæti	Keppandi	Stig
1.	Sverrir Gunnlaugsson	7.814
2.	Erlingur Erlingsson	7.726
3.	Guðjón Halldórsson	7.224
4.	Böðvar Guðmundsson	7.040
5.	Jón V. Pétursson	5.783
6.	Lúðvík Sigurðsson	5.461



Mynd: Erlingur Erlingsson

# ÁRIÐ ER...











Árið er 2007



